

Tryggingar h/f, greiði in solidum stefnanda, Olúfélaginu h/f, kr. 59.720 með 13% ársvöxtum frá 19. janúar 1975 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Varastefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, beri sinn kostnað af máli þessu.

Priðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 86/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Hannesi Höjgaard Jónssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Fjársvik. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Í ákæruskjali 9. febrúar 1978 er ákærða m. a. gefið að sök að hafa horfið af Hótel Borgarnesi hinn 5. júlí 1977, „án þess að greiða skuld sína við hótelið, kr. 70.000“. Ákærði hefur viðurkennt skuld sína við hótelið, að fjárhæð 62.130 krónur. Með reikningsgögnum hótelsins þykir sannað, að ákærði, sem bjó á hótelinu nokkra daga í júní og júlí 1977, hafi staðið í 70.000 króna skuld við það, er hann hvarf þaðan. Leggja verður til grundvallar dómi í málinu, að ákærði hafi tekið 78.000 krónur ófrjálsri hendi í Bogahlíð 11. Með þessari athugasemd ber að fallast á úrlausn héraðsdóms um sakfellingu, og eru brot ákærða réttilega færð til refsíákvæða.

Með dómi þessum er ákærði sakfelldur fyrir fjársvik, fram-
in í eitt skipti, svo og 17 innbrotspjófnaði og tilraun til þjófna-

aðar í eitt skipti. Er andlagi brotanna lýst hér að framan og í héraðsdómi. Ákærði er sibrotamaður. Ber við ákvörðun refsingar hans að vísa til 71., 72., 77. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 30 mánuði. Draga ber gæsluvarðhaldsvist ákærða, 55 daga, frá refsingu hans, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem ákæruskjali 9. febrúar 1978 er farið, verður að lækka fjárkröfu Haralds Haraldssonar um 3.000 krónur, og ber ákærða að greiða honum 28.000 krónur. Þá ber ákærða að greiða Hótel Borgarnesi fébætur að fjárhæð 70.000 krónur. Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um fébætur, en ákærði hefur samþykkt bótakröfu Hinriks Karcher.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 200.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hannes Höjgaard Jónsson, sæti fangelsi 30 mánuði, en frá refsingu hans ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans í 55 daga.

Ákærði greiði Haraldi Haraldssyni 28.000 krónur og Hótel Borgarnesi 70.000 krónur. Ákvæði héraðsdóms um fébætur eiga að öðru leyti að vera óröskuð svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 26. maí 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. maí sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með tveim ákærum á hendur Hannesi Höjgaard

Jónssyni, Löngubrekku 22 í Kópavogi, fæddum 21. ágúst 1951 í Reykjavík, en mál þessi voru sameinuð í dómsmeðferð.

Í fyrri ákæru, sem dagsett er 9. febrúar 1978, er ákærða gefið að sök „eftirtalin auðgunarbrot framin árið 1977, svo sem rakið verður.

I. Fjársvik.

Með því að hafa þriðjudaginn 5. júlí horfið af Hótel Borgarnesi í samnefndu kaптúni, þar sem ákærði hafði búið frá 28. júní, án þess að greiða skuld sína við hótelið, kr. 70.000.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þjófnaðarbrot.

1) Með því að hafa í júnímánuði brotist inn í neðangreind hús og stolið verðmætum:

- Sunnudaginn 19. í íbúð að Álfaskeiði nr. 125 í Hafnarfirði, þar sem ákærði stal 20 sænskum krónum, 4 bandarískum dólum og gæddi sér á kæfu úr dós.
- Sama dag í aðra íbúð þar í húsinu, þar sem ákærði stal 50.000 krónum í peningum.
- Fimmtudaginn 23. í íbúð í Hvassaleiti 30 í Reykjavík, þar sem ákærði gæddi sér á sviðum úr dós.
- Sama dag í íbúð í Safamýri 46 þar í borginni, þar sem ákærði stal 40.000 krónum í peningum og bankabók með 350.762 króna innstæðu, sem hann tók út úr 140.000 krónur.

2) Með því að hafa í júlímánuði brotist inn í eftirtalda sumar-bústaði við Þingvallavatn og stolið úr þeim verðmætum eða farið þar inn í þeim tilgangi:

- Í landi Heiðarbæjar, eign Þorsteins Sigurðssonar, þar sem ákærði stal fötu fullri af kexpökkum, sjónauka, útvarpstæki og nokkrum dósum með niðursoðnum matvælum.
- Í landi Kárastaða, eign Þorgeirs H. Jónssonar, þar sem ákærði stal vasahníf og gæddi sér á matvælum.
- Í landi Heiðarbæjar, eign Valdimars Valdimarssonar, þar sem ákærði stal rafmagnsrakvél, nokkrum dósum af matvælum og dósahníf.
- Í landi Heiðarbæjar, eign Ævars Jóns Karlssonar, þar sem ákærði gæddi sér á fiskbollum úr dós.
- Í landi Skálabrekku, eign Erlings Brynjúlfssonar, þar sem ákærði stal sjónauka.

- Í landi Heiðarbæjar, eign Margrétar Dungal, þar sem ákærði stal sjónauka og útvarpstæki.
- Í landi Heiðarbæjar, eign Bergs Gíslasonar, þar sem ákærði át upp úr kexpökkum.
- Í landi Heiðarbæjar, eign Sveins Valfells.

Telst ofangreint atferli ákærða í 1 og 2 varða við 244 gr. almennra hegningarlaga, nema brot það, sem nefnt er síðast í 2, þykir varða við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í síðari ákærinni, sem dagsett er 29. mars 1978, er ákærða gefið að sök „eftirtalin þjófnaðarbrot:

- 1) Á tímanum frá 17. til 20. júní 1977 braust ákærði inn í mannlauða íbúð í húsinu nr. 70 við Álfaskeið í Hafnarfirði og stal þar gaskveikjara og allt að 1.000 krónum í peningum.
- 2) Mánudaginn 30. janúar 1978 braust ákærði inn í mannlauða íbúð í húsinu nr. 11 við Bogahlíð í Reykjavík og stal þar peningakassa, sem í voru allt að 80.000 krónur í peningum ásamt margvíslegum skjölum.
- 3) Föstudaginn 10. febrúar 1978 braust ákærði inn í íbúð í Efstalandi 20 í Reykjavík og stal þar 2 bankabókum, samtals með 40.000 króna innstæðu, og 10 dollurum.
- 4) Þennan sama dag braust ákærði inn í íbúð í húsinu nr. 2 þar við götuna og stal armbandsúri.
- 5) Þennan dag braust ákærði enn inn í íbúð í húsinu nr. 68 við Hraunbæ í Reykjavík, stal þar tveimur bankabókum með samtals 456.121 krónu innstæðu og allt að 25.000 krónum í reiðufé og tók samdægurs 131.121 krónu út úr annarri bókinni í Landsbanka Íslands, aðalbanka.

Telst atferli ákærða, eins og því er lýst hér að framan, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburðum vitna, játningum ákærða svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir svo sem rakið verður:

Á tímabilinu 17.—20. júní sl. mun ákærði hafa brotist inn í íbúð að Álfaskeiði 70 í Hafnarfirði, en þar bjó Sighvatur Jóhannsson. Saknaði hann úr íbúðinni u. þ. b. 1.000 kr. í peningum og kveikjara, en við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins

Þann 8. mars sl. kom í ljós, að ákærði hafði kveikjara þennan í fórum sínum, sbr. dskj. nr. 28. Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið inn í íbúð þessa í leit að peningum og hafa brotið upp skrifborðsskáp í sama tilgangi, en hann taldi sig hins vegar ekki muna, hvort hann hefði fundið nokkuð fémætt.

Sunnudaginn 19. júní braust ákærði inn í íbúð við Álfaskeið 125 í Hafnarfirði. Mun hann hafa komist inn í íbúðina með því að spenna lista af hurðarkarmi og stinga síðan upp læsingarjárn smekklássins. Kvaðst ákærði hafa tekið þarna eitthvað af útlendum peningum, en húsráðandi saknaði 20 sænskra króna og 4 bandaríkjadollara. Þegar ákærði var handtekinn þann 13. júlí s. á., hafði hann á sér tvo bandaríkjadollara, nokkra dinara og austurríska schillinga. Ákærði hefur ekki borið á móti því að hafa tekið úr íbúðinni þá peninga, sem húsráðandi saknaði, og taldi hann líklegt, að hann hefði týnt þeim.

Sama dag mun ákærði hafa komist inn í aðra íbúð í sama húsi. Þar mun ákærði hafa tekið 50.000 kr. í peningum og eytt þeim, að eigin sögn, í daglegar þarfir.

Fimmtudaginn 23. júní sl. mun ákærði hafa farið inn í íbúð að Hvassaleiti 30 í Reykjavík og rótað í skúffum í leit að peningum. Þar mun ákærði hafa tekið sviðadós og borðað úr henni, en fingrafar ákærða fannst á dósinni, sbr. dskj. nr. 5, bls. 2.

Sama dag var rannsóknarlögreglu Reykjavíkur tilkynnt um þjófnað á bankabók með 350.000 kr. innstæðu og 40.000 kr. í peningum úr íbúð að Safamýri 46 í Reykjavík. Við rannsókn málsins kom í ljós, að þann dag hafði ákærði brotist inn í nefnda íbúð, stolið þaðan fyrrgreindum verðmætum og tekið út úr bankabókinni 140.000 kr., en úttektarseðill er lagður fram sem dómskjal nr. 6 í máli þessu.

Sunnudaginn 28. júní s. á. kom ákærði á Hótel Borgarnes og fékk þar á leigu herbergi. Greiddi hann þegar inn á reikning sinn 25.000 kr. Var hann talinn mjög eyðslusamur og sagður hafa neytt mikils áfengis. Mun hann hafa greitt síðar aðrar 25.000 kr. inn á reikning sinn, en fengið aftur til baka kr. 15.000. Sem tryggingu fyrir endanlegri greiðslu afhenti ákærði bankabók þá, er hann stal úr íbúð í Safamýri 46 í Reykjavík og frá greinir hér að framan. Þann 5. júlí mun ákærði hafa horfið af hótelinu án þess að greiða reikning að upphæð kr. 70.000 eða hirða um fyrrgreinda bankabók.

Þriðjudaginn 12. júlí s. á. handtók lögreglan í Árnassýslu

ákærða í landi Heiðarbæjar í Þingvallasveit, þar sem hann var grunaður um innbrot í sumarbústaði þar í sveit.

Rannsóknarlögreglu ríkisins bárust eftirtalдар kærur vegna þessara innbrota:

1) Kæra Þorgeirs H. Jónssonar, Akurgerði 24, Reykjavík, en hann mun vera eigandi sumarbústaðar vestast í landi Kárastaða í Þingvallasveit, sbr. dskj. nr. 16. Kvaðst kærandi hafa komið í bústað sinn þann 13. júlí og tekið þá eftir, að búið var að brjótast þar inn. Hefði rúða verið brotin og listi tekinn úr gluggafalsi, en skemmdir höfðu orðið á veggfóðri og gólfklæðningu, þar sem rignt hafði inn. Kærandi saknaði vasahnífs og matvæla.

2) Kæra Þorsteins Sigurðssonar, Sporðagrunni 9, Reykjavík, en hann mun vera eigandi sumarbústaðar í Heiðarbæjarlandi, sbr. dskj. nr. 17. Er synir kæranda komu í bústaðinn þann 17. júlí, kom í ljós, að brotist hafði verið inn þar og að sögn kæranda stolið fullri plastfötu af kexti, kjötvörum úr frystiskáp, niðursoðnum matvörum, ferðaútlarpstæki og þýskum sjónauka.

3) Kæra Valdimars Valdimarssonar, Háaleitisbraut 153, Reykjavík, sbr. dskj. nr. 18, vegna innbrots í sumarbústað í landi Nesja við Þingvallavatn. Kærandi kvaðst hafa komið í nefndan bústað að kvöldi 12. júlí. Hafi þá sést, að reynt hefði verið að spennu upp útidyrarhurð og að opnanlegt gluggafag var brotið. Saknaði kærandi rafmagnsrakvélar, niðursuðuvöru og dósahnífs. Hélt kærandinn því fram, að sést hefði til manns á hlaupum skömmu áður frá bústaðnum í áttina til Heiðarbæjar.

4) Kæra Ævars Jóns Karlssonar, Hraunbæ 90, Reykjavík, dskj. nr. 19. Þegar komið var að bústað hans 12. júlí, hafði verið brotist inn í hann, rúða var brotin og mikil óreiða innan dyra. Tekin hafði verið upp dós af fiskibollum og matur eldaður.

5) Kæra Erlings Brynjúlfssonar, Eskihlíð 11, Reykjavík, dskj. nr. 20. Brotin hafði verið rúða í sumarbústað kæranda í landi Skálabrekku í Þingvallasveit, en hann kom í bústað sinn þann 14. júlí sl. Farið hafði verið inn og rótað þar til og sjónauki horfið.

6) Kæra Margrétar Dungal, Miklubraut 20, Reykjavík, dskj. nr. 21. Kærandi kvaðst hafa komið í bústað sinn í landi Heiðarbæjar hinn 16. júlí sl., en þá hefði rúða verið brotin í hurð, greinilega hefði verið gist í bústaðnum og matur eldaður, en umgengni þar öll slæm og sóðaleg. Þá var horfið úr bústaðnum ferðaútlarpstæki og sjónauki, en ákærði mun hafa verið með sjónauka þennan á sér, er hann var handtekinn, sbr. dskj. nr. 21, bls. 2.

7) Kæra Bergs Gíslasonar, Laufásvegi 64 A, Reykjavík, dskj.

nr. 22. Í tilefni af þeirri kæru fóru þeir Jónas Bjarnason rannsóknarlögreglumaður og Haraldur Árnason fá tæknideild rannsóknarlögreglu ásamt kæranda í sumarbústað síðastnefnda í landi Heiðarbæjar. Kom þá í ljós, að stunginn hafði verið upp smekkláslæsing fyrir útidyrum. Teknir höfðu verið upp keppakkar, en fingrafar ákærða fannst á einum þeirra, sbr. dskj. nr. 22, bls. 3.

8) Kæra Sveins Valfells, Blönduhlíð 15, Reykjavík, dskj. nr. 23. Stungin hafði verið upp læsing fyrir útidyrum í sumarbústað kæranda, en bústaðurinn mun vera í landi Heiðarbæjar. Þar hafði verið eldaður matur og sofið, en engu stolið. Skilið hafði verið eftir ferðaútlarpstæki með innbyggðu segulbandi og nokkrar spólur í tækið.

Þegar lögreglan á Selfossi handtók ákærða, hafði skömmu áður sést til hans á hlaupum í grennd við Heiðarbæ.

Í fyrstu neitaði ákærði að vera valdur að innbrotum þeim, er hann var grunaður um að hafa framið.

Var hann í sakadómi Reykjavíkur þann 13. júlí sl. úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. ágúst s. á.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa dvalist á Hótel Borgarnesi og farið þaðan án þess að greiða reikninga hótelsins. Einnig hefur ákærði viðurkennt að hafa brotist inn í íbúð að Safamýri 46, stolið þaðan 40.000 krónum og bankabók, tekið út úr bókinni 140.000 krónur í Samvinnubankanum í Reykjavík, en skilið síðan bókina eftir á Hótel Borgarnesi.

Þá hefur ákærði enn fremur viðurkennt að vera valdur að innbrotum þeim, sem hér að framan frá greinir í sumarbústaði við Þingvallavatn. Taldi hann í réttarhaldi þann 12. maí sl., að hann hefði stolið þeim munum, sem eigendur sumarbústaðanna sökn-uðu, þótt hann teldi sig ekki geta munað um hvern einstakan hlut.

Mánudaginn 30. janúar sl. var brotist inn í íbúð að Bogahlíð 11 í Reykjavík. Hvarf þaðan peningakassi, en í honum voru, að sögn eiganda, 75—80 þúsund kr. í peningum og ýmis skjöl. Við rannsókn á brotastað fannst hluti úr lófafari ákærða, sbr. dskj. nr. 29, bls. 7. Peningakassi þessi fannst sama dag í Öskjuhlíð, og voru peningarnir horfnir. Ákærði hefur viðurkennt verknaðinn og að hafa eytt peningum þeim, sem í kassanum voru, í skemmtanir. Taldi hann, að einungis 60.000 kr. hefðu verið þar fyrir. Vitnið Jón Einarsson, Bogahlíð 11, kom fyrir dóm þann 17. maí sl. Staðfesti hann þá, að hann hefði geymt fyrrnefndan kassa læstan í læstum skáp og hefði hann talið peningana tveim dögum

áður en kassanum var stolið. Hefðu þá verið í kassanum 75.000 kr. í 5 þúsund króna seðlum, 3.000 kr. í hundrað króna seðlum og þar að auki eitthvað af erlendri mynt.

Föstudaginn 10. febrúar sl. mun ákærði hafa brotist inn í íbúð að Efstalandi 20 í Reykjavík. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stungið upp forstofuhurð að þeirri íbúð og einnig að hafa brotið upp skápa og skúffur í leit að peningum. Kvaðst ákærði hafa tekið þar 10 dollara. Í kærú húsráðanda kom fram, að úr einum læsta skápum, sem brotinn hafði verið upp, hefðu horfið spari-lánabækur. Við vitnaleiðslu þann 17. maí sl. kom fram, að bækur þessar hefðu fundist ofan í rúmfatakassa, u. þ. b. mánuði eftir að innbrotið var framið.

Sama dag mun ákærði hafa brotist inn í íbúð að Efstalandi 2 í Reykjavík og stolið þaðan armbandsúri, en úr þetta fannst á ákærða, þegar hann var handtekinn á Húsavík þann 15. febrúar sl.

Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa sama dag og hann framdi tvö framangreind innbrot brotist inn í íbúð að Hraunbæ 68 í Reykjavík, stolið þaðan 20.000 kr. í peningum og bankabók á aðalbanka Landsbanka Íslands. Innstæðu bókarinnar, kr. 131.121, tók ákærði út í útibúi Landsbankans í Árbæjarhverfi, en úttektar-seðill er framlagður sem dskj. nr. 34. Úr íbúðinni söknuðu húsráðendur einnig bankabókar á Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands með 325.000 kr. innstæðu. Þann 11. maí sl. kom vitnið Valur Waage, Hraunbæ 68, fyrir dóm. Samkvæmt eioðfestum framburði vitnisins taldi það, að fyrrgreind bankabók hefði horfið úr stofuskápa, en hulstur bókarinnar verið skilið eftir. Taldi vitnið bókina glataða, en innstæða væri óhreyfð. Í réttarhaldi 12. maí sl. taldi ákærði sig ekki vita, hvort hann hefði tekið nefnda bók eða ekki.

Ákærði var handtekinn á Húsavík 15. febrúar sl. Var hann færður til Reykjavíkur og úrskurðaður þar í sakadómi til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 15. mars s. á.

Eftirtaldar bótakröfur hafa komið fram:

1) Frá Hinrik Karcher, Álfheimum 48, Reykjavík, að fjárhæð 20 kr. sænskar og 2 bandaríkjadollarar, sbr. dskj. nr. 3, bls. 4.

2) Frá Haraldi Haraldssyni, Álfaskeiði 125, Hafnarfirði, að fjárhæð kr. 31.000 sbr. dskj. nr. 4, bls. 4.

3) Frá Jóhanni Ólafssyni, Safamýri 46, Reykjavík, að fjárhæð kr. 186.000, sbr. dskj. nr. 6, bls. 7.

4) Frá Ólafi Reynissyni f. h. Hótel Borgarness að fjárhæð kr. 70.000 sbr. dskj. nr. 14 og nr. 15.

5) Frá Ævari Jóni Karlssyni, Hraunbæ 90, Reykjavík, að fjárhæð kr. 10.000, sbr. dskj. nr. 19, bls. 2.

6) Frá Erlingi Brynjúlfssyni að fjárhæð kr. 900, sbr. dskj. nr. 20.

7) Frá Samvinnuþryggingum annars vegar vegna innbrotsþryggingar Þorgeirs H. Jónssonar, Akuregrði 24 í Reykjavík, að fjárhæð kr. 58.000, sbr. dskj. nr. 24, og hins vegar vegna innbrotsþryggingar Haralds Haraldssonar, Álfaskeiði 125, Hafnarfirði, að fjárhæð kr. 42.789, sbr. dskj. nr. 25.

8) Frá Jóni Einarssyni, Bogahlíð 11, Reykjavík, að fjárhæð kr. 80.000.

9) Frá Val Waage, Hraunbæ 68, Reykjavík, að fjárhæð kr. 101.621, sbr. dskj. nr. 37, bls. 7.

Ekki er krafist vaxta af ofangreindum fjárhæðum.

Ákærði hefur viðurkennt kröfur þær, sem taldar eru í liðum 1—3, 5—7 og 9.

Kröfum samkvæmt liðum 4 og 8 hefur ákærði mótmælt sem of háum. Telur ákærði sér einungis skylt að greiða kvittaða reikninga frá Hótel Borgarnesi, en fjárhæð þeirra nemi 62.130 kr., sbr. dskj. nr. 37, bls. IV. Þá telur ákærði, að hann hafi einungis stolið 60.000 kr. úr læstum peningakassa Jóns Einarssonar, og hefur ákærði talið sér einungis skylt að greiða þá fjárhæð.

Aðrar bótakröfur hafa ekki komið fram, en viðkomandi hefur þó verið gefinn kostur á að koma þeim að.

Þann 25. maí sl. lagði verjandi ákærða fram vörn í málinu.

Gerir hann þær kröfur, að ákærði hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, gæsluvarðhaldsvist komi að fullu til frádráttar refsingu og að sér verði tildæmd málsvarnarlaun.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið þau brot, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali dskj. nr. 2 og í 1) og 4) lið ákæruskjals dskj. nr. 27. Með þeim játningum, framburði vitna svo og öðrum gögnum málsins þykir nægjanlega sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem þar er tilgreind.

Í 2) lið ákæruskjals dskj. nr. 27 er ákærða gefið að sök að hafa stolið peningakassa, sem í voru allt að 80.000 kr., úr íbúð í húsinu nr. 11 við Bogahlíð í Reykjavík. Ákærði hefur viðurkennt verknadinn að öðru leyti en því, að hann taldi, að einungis hefðu verið 60.000 kr. í kassanum. Samkvæmt eiðsvörnum framburði eiganda kassans munu hafa verið í honum 78.000 kr. í íslenskum peningum og eitthvað af erlendri mynt. Verður því ekki unnt að leggja

framburð ákærða til grundvallar varðandi fjárhæð þá, er hann tók úr kassanum, og telst hann því sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í þessum lið ákæruskjals.

Þá hefur ákærði viðurkennt brot það, sem tilgreint er í 3. lið sama ákæruskjals, að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki hafa stolið bankabókum þeim, sem þar eru nefndar. Bækur þessar hafa fundist í íbúð þeirri, sem ákærði braust inn í, og verður hann því ekki sakfelldur fyrir þjófnað á þeim. Að öðru leyti telst ákærði sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í nefndum lið ákæruskjals.

Í 5. tl. sama ákæruskjals er ákærða gefið að sök að hafa stolið 2 bankabókum og allt að 25.000 kr. í peningum úr íbúð í húsinu nr. 68 við Hraunbæ í Reykjavík. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stolið annarri þessara bóka og tekið út úr henni 131.121 kr. og hafa tekið 20.000 kr. í peningum. Við rannsókn málsins hefur ekkert komið fram um aðdrif hinnar bókarinnar. Verður ekki unnt að telja fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað á þeirri bók, og skal hann því vera sýkn af þeirri háttsemi, en að öðru leyti sekur um þau þjófnaðarbrot, sem honum er að sök gefin í nefndum tölulið ákæruskjalsins.

Framangreind háttsemi ákærða þykir réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjölum.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

- 1974 26/4 í Kópavogi: Dómur: 20 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga og 248. gr. hegningarlaga.
- 1976 9/4 í Kópavogi: Dómur: 1. árs fangelsi, ÷ 26 daga gæsluvarðhald, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 7/5 í Kópavogi: Dómur: 4. mán. fngelsi fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaga, 244. og 246. gr. sömu laga.
- 1978 13/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og 155. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt þeim refsilagaákvæðum, sem hann er ákærður eftir, svo og með hliðsjón af 77. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga fangelsi í 20 mánuði, og komi 55 daga gæsluvarðhald til frádráttar refsivistinni. Gæsluvarðhald ákærða frá 16. apríl mun ekki vera til komið vegna

brota þeirra, sem hér er ákært fyrir, og kemur því refsivist ákærða ekki nú til frádráttar.

Þá dæmist ákærði til greiðslu skaðabóta, en kröfur þær, sem fram hafa komið og hér að framan greinir, eru allar studdar fullnægjandi gögnum nema krafa frá Hótel Borgarnesi, sem þykir réttilega rökstudd að fjárhæð kr. 62.130, og frá Jóni Einarssyni að fjárhæð kr. 78.000. Aðrar kröfur verða teknar til greina að fullu.

Þá dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 60.000, og réttargæslulaun Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns vegna réttargæslu gæsluvarðhalds ákærða frá 13. júlí 1977—10. ágúst s. á. og 15. febrúar 1978—15. mars s. á., sem þykja hæfilega ákveðin skv. framlögðum reikningi kr. 30.000.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Höjgaard Jónsson, sæti fangelsi í 20 mánuði, og komi 55 daga gæsluvarðhald til frádráttar refsivistinni.

Ákærði greiði Hinrik Karcher, Álfheimum 48, Reykjavík, jafnvirði 20 kr. sænskra kr. og tveggja bandaríkjadollara miðað við sölugengi á greiðsludegi.

Ákærði greiði Haraldi Haraldssyni, Álfaskeiði 125, Hafnarfirði, kr. 31.000.

Ákærði greiði Jóhanni Ólafssyni, Safamýri 46, Reykjavík, kr. 186.000.

Ákærði greiði Ævari Jóni Karlssyni, Hraunbæ 90, Reykjavík, kr. 10.000.

Ákærði greiði Erlingi Brynjúlfssyni kr. 900.

Ákærði greiði Samvinnutryggingum, Ármúla 3, Reykjavík, kr. 100.789.

Ákærði greiði Val Waage, Hraunbæ 68, Reykjavík, kr. 101.621.

Ákærði greiði Jóni Einarssyni, Bogahlíð 11, Reykjavík, kr. 78.000.

Ákærði greiði Hótel Borgarnesi kr. 62.130.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar héraðs-

dómslögmanns, kr. 60.000, og réttargæslulaun skipaðs réttargæslumanns síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 179/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Hannesi Höjgaard Jónssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfelldur ákærða fyrir brot þau, sem í ákæru greinir. Eru þau færð til rétttra refsíákvæða. Ákærði er með dómi þessum sakfelldur fyrir 10 innbrotshjófnaði. Er andlagi brotanna lýst í héraðsdóminum. Ákærði er sibrotamaður. Ber að vísa til 71., 72., 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun á refsingu hans, sem þykir hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði. Frá refsingu ákærða ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans í 223 daga, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfu Sigurðar Inga Margeirssonar. Ákvæði héraðsdóms um fébætur og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.